



## Vellíðan með geðrækt

1. Stefna sveitarfélagsins endurspeglar áherslu á geðheilsu og vellíðan allra íbúa
2. Unnið er markvisst að því að efla jákvæðan bæjarbrag og félagstengsl íbúa
3. Skilvirkni og gæði einkenna þjónustu sveitarfélagsins við íbúa
4. Velferðarþjónusta styður við góða geðheilsu á öllum æviskeiðum
5. Skóla- og frístundastarf styður við geðheilsu og vellíðan barna og unglinga
6. Atvinnulíf í sveitarfélaginu styður við góða geðheilsu og vellíðan

| Vellíðan með geðrækt   | Núverandi staða |   |   |   |   |
|--|-----------------|---|---|---|---|
|  | 1               | 2 | 3 | 4 | 5 |
| <b>Viðmið 1 - Stefna sveitarfélagsins endurspeglar áherslu á geðheilsu og vellíðan allra íbúa</b>  |                 |   |   |   |   |
| <b>1.1. Sveitarfélagið hefur skýra framtíðarsýn og aðgerðaáætlun um geðrækt og forvarnir gegn sálfélagslegum erfiðleikum sem nær til allra sviða og byggir á gagnreyndum aðferðum hvað varðar inntak og innleiðingu</b>  |                 |   |   |   |   |
| <b>1.2. Í sveitarfélaginu starfar hópur með þekkingu á sviði geðræktar sem vinnur þvert á svið sveitarfélagsins að stefnumótun og fylgir eftir aðgerðaáætlun þess um geðrækt og forvarnir.</b><br>Ítartil: Hér er t.d. átt við teymi svipað og er víða til staðar á sviði íþrótt- og æskulýðsstarfs. Í litlu sveitarfélagi getur þetta verið einn fulltrúi sem hefur ofangreint umboð og ábyrgð. |                 |   |   |   |   |
| <b>1.3. Sveitarfélagið fylgist náið með líðan og velferð íbúa á öllum aldri og nýtir til umbóta og endurskipulags á stefnu og aðgerðum á sviði geðheilsu.</b><br>Ítartil: T.d. með því að nýta lýðheilsu- og félagsvísa, skóla- og þjónustukannanir.   |                 |   |   |   |   |
| <b>1.4. Markvisst er unnið að því að efla vitund og færni íbúa við að hlúa að eigin geðheilsu og vellíðan</b><br>Ítartil: Íbúar hafa t.d. aðgengi að reglulegri fræðslu og viðburðum sem auka vitund og færni til að viðhalda og efla góða geðheilsu og vellíðan í daglegu lífi yfir æviskeiðið.   |                 |   |   |   |   |
| <b>Viðmið 2 - Unnið er markvisst að því að efla jákvæðan bæjarbrag og félagstengsl íbúa</b>  |                 |   |   |   |   |
| <b>2.1. Blöndun félagshópa er höfð að leiðarljósi við skipulag byggðar.</b><br>Ítartil: Samfélag fjölbreytileikans haft að leiðarljósi t.d. ekki svæði þar sem ólíkir hópar eru aðskildir, s.s. efnaminni og efnameiri, fatlaðir og ófatlaðir, yngri og eldri fólk og fólk af innlendum og erlendum uppruna.   |                 |   |   |   |   |
| <b>2.2. Skipulag byggðar og þjónustu ýtir undir samgang og samskipti milli fólks.</b>  |                 |   |   |   |   |

|  |  |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|
| Ítartil: Íbúar geta sótt verslun og þjónustu í nærumhverfi sínu, skólar, leikvellir, göngu- og hjólastígar, íþróttamannvirki, félagsmiðstöðvar og/eða menningarmiðstöðvar eru innan íbúðarbyggðar o.s.frv.   |  |  |  |  |  |
| <b>2.3. Öllum börnum í sveitarfélaginu gefst kostur á fjölbreyttu félagsstarfi við hæfi allan ársins hring.</b><br>Ítartil: T.d. lista- og menningarviðburðir, íþrótt- og tómstundastarf, fræðslu og samverustundir o. . sem er aðgengilegt öllum án aðgreiningar og tekur mið af ólíkum aldri og þörfum.  |  |  |  |  |  |
| <b>2.4. Ungu fólki (18-24 ára) í sveitarfélaginu gefst kostur á fjölbreyttu félagsstarfi við hæfi allan ársins hring.</b><br>Ítartil: T.d. lista- og menningarviðburðir, íþrótt- og tómstundastarf, fræðslu og samverustundir o. . sem er aðgengilegt öllum án aðgreiningar og tekur mið af ólíkum aldri og þörfum.  |  |  |  |  |  |
| <b>2.5. Fullorðnum (25-67 ára) í sveitarfélaginu gefst kostur á fjölbreyttu félagsstarfi við hæfi allan ársins hring.</b><br>Ítartil: T.d. lista- og menningarviðburðir, íþrótt- og tómstundastarf, fræðslu og samverustundir o.fl. sem er aðgengilegt öllum án aðgreiningar og tekur mið af ólíkum aldri og þörfum.   |  |  |  |  |  |
| <b>2.6. Eldri borgurum í sveitarfélaginu gefst kostur á fjölbreyttu félagsstarfi við hæfi allan ársins hring.</b><br>Ítartil: T.d. lista- og menningarviðburðir, íþrótt- og tómstundastarf, fræðslu og samverustundir o.fl. sem er aðgengilegt öllum án aðgreiningar og tekur mið af ólíkum þörfum.  |  |  |  |  |  |
| <b>2.7. Íbúar hafa margvísleg tækifæri til að gefa af sér og mynda tengsl í nærsamfélagi sínu.</b><br>Ítartil: T.d. sjálfboðaliðastarf og sameiginleg verkefni þar sem hæfileikar og þekking ólíkra hópa nýtist s.s. milli eldri borgara og barna í leik- og grunnskólum, fólks af ólíkum uppruna o.fl.  |  |  |  |  |  |
| <b>2.8. Reglulega er lagt mat á félagstengsl íbúa á öllum aldri með það að markmiði að finna og mæta þörfum barna og fullorðinna sem eru einmanna og/eða búa við félagslega einangrun.</b><br>Ítartil: T.d. eru reglulegar tengslakannanir lagðar fyrir í leik- og grunnskólum, reglulega er lagt mat á félagstengsl ungs fólks, eldri borgara og þeirra sem búa við jaðarsetta stöðu, s.s. vegna fötlunar eða uppruna, og fjölbreytt lágþröskuldaúrræði boðin sem henta viðkomandi hópi.              |  |  |  |  |  |
| <b>3. Skilvirkni og gæði einkenna þjónustu sveitarfélagsins við íbúa</b>   |  |  |  |  |  |
| <b>3.1. Skipulag og starfshættir stofnana innan sveitarfélagsins, s.s. leik- og grunnskóla, frístundaheimila, skólajónustu, félagsþjónustu og barnaverndar, ýta undir markvisst og árangursríkt samstarf.</b><br>Ítartil: T.d. er markvisst samstarf milli skóla og skólajónustu um geðrækt, forvarnir og stuðning í skólum, skóla- og félagsþjónusta starfa saman í teymi, skilgreindur er hámarksbiðtími eflir þjónustu við íbúa, reglulegir samstarfsfundir eru við heilsugæslu og aðrar stofnanir. |  |  |  |  |  |

|   |  |  |  |  |  |
|---|--|--|--|--|--|
| <p><b>3.2. Starfshættir í skólaþjónustu, barnavernd og félagsþjónustu einkennast af fyrirbyggjandi aðgerðum og snemmtækum stuðningi.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. hafa verið skilgreindir verkferlar sem miða að því að koma sem fyrst inn í mál eftir að ósk um þjónustu berst. Tryggt er með forgangsröðun verkefna, fjármagns og aðfanga innan sveitarfélagsins að ekki myndist bið eftir úrræðum, skilgreindur er hámarksbiðtími eflir þjónustu og boðið upp á vægari úrræði, t.d. símaráðgjöf, á meðan beðið er eflir þjónustu.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.3. Hvergi eru grá svæði í þjónustu í sveitarfélaginu þar sem börn sem þurfa þjónustu lenda á milli stofnana eða kerfa.</b></p> <p>Ítartexti: Sveitarfélagið tryggir þetta t.d. með kortlagningu þjónustuþarfa, öfluglu samstarfi á milli fagaðila og stofnana, skýrri verkaskiptingu og skilgreiningu ábyrgðaraðila.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.4. Hvergi eru grá svæði í þjónustu í sveitarfélaginu þar sem ungt fólk (18-24 ára) sem þarf þjónustu lendir á milli stofnana eða kerfa.</b></p> <p>Ítartexti: Sveitarfélagið tryggir þetta t.d. með kortlagningu þjónustuþarfa, öfluglu samstarfi á milli fagaðila og stofnana, skýrri verkaskiptingu og skilgreiningu ábyrgðaraðila.</p>   |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.5. Hvergi eru grá svæði í þjónustu í sveitarfélaginu þar sem fullorðnir (18-67 ára) sem þurfa þjónustu lenda á milli stofnana eða kerfa.</b></p> <p>Ítartexti: Sveitarfélagið tryggir þetta t.d. með kortlagningu þjónustuþarfa, öfluglu samstarfi á milli fagaðila og stofnana, skýrri verkaskiptingu og skilgreiningu ábyrgðaraðila.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.6. Hvergi eru grá svæði í þjónustu í sveitarfélaginu þar sem eldri borgarar sem þurfa þjónustu lenda á milli stofnana eða kerfa.</b></p> <p>Ítartexti: Sveitarfélagið tryggir þetta t.d. með kortlagningu þjónustuþarfa, öfluglu samstarfi á milli fagaðila og stofnana, skýrri verkaskiptingu og skilgreiningu ábyrgðaraðila.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.7. Allir sem nýta sér skóla- og/eða félagsþjónustu fá skilgreindan ábyrgðaraðila sem gætir hagsmuna þeirra, fylgist með því að þau fái þá þjónustu sem þeim ber og samræmir þjónustu á milli aðila ef þess gerist þörf.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. fylgist fagaðili skóla- eða félagsþjónustu með því að ráðleggingar um þar r einstaklings séu að fullu innleiddar hjá stofnunum sveitarfélagsins sem sinna viðkomandi. Ef einstaklingur nýtir þjónustu eiri en einnar stofnunar ber sá fagaðili, sem hefur mesta aðkomu að málinu, ábyrgð á því að gerð sé ein þjónustuáætlun fyrir viðkomandi þar sem hlutverk allra þjónustuaðila eru skilgreind.</p> |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.8. Sveitarfélagið fylgist náið með gæðum og skilvirkni í skólum og frístundastarf , skólaþjónustu, félagsþjónustu og barnavernd.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. er reglulega lagt mat á mannauð, fjölda mála og starfsálag í félagsþjónustu, skólaþjónustu og barnavernd til að hindra að mál lendi í biðstöðu, séu lengi í vinnslu eða álag á starfsfólk sé óhóflegt. Fylgst er með gæðum í skóla- og frístundastarfi m.a. í gegnum vettvangsheimsóknir og kannanir meðal nemenda, foreldra og starfsfólks. Markvisst er leitað eftir dæmum um góðan árangur þau nýtt til kerfislægra umbóta.</p>  |  |  |  |  |  |

|  |  |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|
| <p><b>3.9. Sveitarfélagið tryggir að unnið sé eftir gagnreyndum aðferðum og bestu þekkingu í skólum og frístundastarfi skólaþjónustu, félagsþjónustu og barnavernd.</b></p> <p>Ítartil: T.d. með skýrri stefnu um notkun gagnreindra aðferða, ábyrgð stjórnenda á faglegu starf, starfsþróun og handleiðslu til starfsfólks og reglubundnu mati á starfsháttum.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.10. Tryggt er að allt starfsfólk sveitarfélagsins sem sinnir uppeldis-, menntunar-, frístunda- eða stuðningshlutverki við íbúa haf góða þekkingu á geðheilsu og vellíðan.</b></p> <p>Ítartil: T.d. fá allir sem starfa með börnum og ungmennum, fötluðu, öldruðu og langveiku fólki, fólki sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður eða öðrum viðkvæmum hópum reglulega fræðslu um félags- og tilfinningaþroska, verndandi þætti og áhættuþætti fyrir geðheilsu, einkenni geð- og þroskaraskana og sjálfsvígshættu.</p>                                      |  |  |  |  |  |
| <p><b>3.11. Allt starfsfólk í skólum, frístundastarfi og velferðarþjónustu getur sótt reglulega leiðsögn og ráðgjöf í starfi sínu.</b></p> <p>Ítartil: T.d. vegna úrlausnarefna og álags sem upp koma í störfum þeirra, þegar starfsfólk er að tileinka sér nýja þekkingu eða innleiða nýtt verklag. Nýtt starfsfólk starfar undir handleiðslu reyndari aðila fyrsta árið til að tryggja gæði þjónustu og velferð þeirra hópa sem verið er að vinna með.</p>   |  |  |  |  |  |
| <p><b>Viðmið 4 - Velferðarþjónusta styður við góða geðheilsu á öllum æviskeiðum</b></p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>4.1. Sveitarfélagið vinnur markvisst að því að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu.</b></p> <p>Ítartil: T.d. að allir foreldrar hafi auðvelt aðgengi að fjölskyldu- og pararáðgjöf, stuðningi og gagnreyndum úrræðum sem efla foreldrafærni og jákvæðar uppeldisaðferðir þar sem tekið er tillit til ólíkra þarfa fjölskyldna. Foreldrum er boðið að taka þátt í viðeigandi námskeiðum sem haldin eru fyrir starfsfólk sveitarfélagsins.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>4.2. Í sveitarfélaginu eru margvísleg skamm- og langtíma úrræði, sem eru aðgengileg öllum, til að efla virkni, félagstengsl, lífsgæði og seiglu íbúa sem þess þurfa.</b></p> <p>Ítartil: Hér er ekki átt við meðferðarúrræði eða heilbrigðisþjónustu heldur úrræði sem efla félagstengsl, virkni og lífsgæði þeirra sem þurfa aðstoð, t.d. sökum félagslegrar einangrunar, veikinda, atvinnuleysis, fjárhagsvanda eða annarra þátta. Úrræðin þurfa ekki að vera á vegum sveitarfélagsins en eru aðgengileg öllum íbúum óháð heilsu, getu, efnahag o.s.frv.</p> |  |  |  |  |  |
| <p><b>4.3. Í sveitarfélaginu eru skráðir verkferlar og viðbúnaður til að bregðast við og styðja við geðheilsu íbúa ef áfall dynur á samfélaginu.</b></p> <p>Ítartil: Eftir því sem við á t.d. náttúruhamfarir, hópshly, faraldur eða sjálfsvíg.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>4.4. Reglulegt eftirlit er með aðbúnaði, heilsu og líðan fólks sem dvelur á stofnunum á vegum sveitarfélagsins eða fær heimaþjónustu.</b></p> <p>Ítartil: Sjá m.a. tengd viðmið í gátlistanum Öryggi án ofbeldis og slysa.</p>   |  |  |  |  |  |
| <p><b>Viðmið 5 - Skóla- og frístundastarf styður við geðheilsu og vellíðan barna og unglinga</b></p>   |  |  |  |  |  |
| <p><b>5.1. Sveitarfélagið rekur ábyrga stefnu í málefnum leik- og grunnskóla til að tryggja gæði starfsins.</b></p> <p>Ítartil: T.d. tryggir vel menntað og hæft starfsfólk, næga mönnun og lága</p>   |  |  |  |  |  |

|   |  |  |  |  |  |
|---|--|--|--|--|--|
| starfsmannaveltu með aðlaðandi kjörum og starfsaðstæðum, árangursríkri stjórnun, starfsþróun og hæfilegu vinnuálagi.  |  |  |  |  |  |
| <b>5.2. Gerð er krafa um að allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar móti sér heildstæða og samræmda áætlun um eflingu félags- og tilfinningafærni barna og ungmenna.</b><br>Ítartexti: Áhersla er lögð á markvissa, reglubundna og aldurssvarandi þjálfun með gagnreyndum aðferðum og að starfsfólk sé fyrirmyndir hvað varðar farsælar leiðir við að takast á við tilfinningar og samskipti.  |  |  |  |  |  |
| <b>5.3. Gerð er krafa um að allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar vinni með hegðun barna og unglunga á jákvæðan og lausnamiðaðan hátt í samræmi við réttindi barna.</b><br>Ítartexti: Áhersla er á að kenna æskilega hegðun með gagnreyndum aðferðum, nýta fyrirbyggjandi aðferðir, jákvætt viðmót og uppbyggingu jákvæðra tengsla á milli barna og starfsfólks, samræmd vinnubrögð, lausnaleit á jafningjagrundvelli með barni og foreldrum og útilokandi eða refsandi aðferðum er ekki beitt. Fagþekking í skólalþjónustu ætti að nýtast vel í þessu samhengi. |  |  |  |  |  |
| <b>5.4. Leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins eru í nánú samstarfi sín á milli til að efla samfellu milli skólastiga og á milli skóla og frístundastarfs.</b><br>Ítartexti: T.d. leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar eiga reglulega fundi og samráð. Þessir aðilar gera með sér samstarfsáætlanir um eflingu jákvæðrar hegðunar, líðanar og félagstengsla barna og ungmenna sem stuðla að samræmdum aðferðum og samfellu milli skólastiga og milli skóla og frístundar.  |  |  |  |  |  |
| <b>5.5. Fagþekking skólalþjónustu er nýtt markvisst til að efla geðrækt, forvarnir og stuðning í skólum og frístundastarfi.</b><br>Ítartexti: T.d. vinnur fagfólk skólalþjónustu samhliða kennurum og öðru starfsfólki leik- og grunnskóla og frístundaheimila að því að skipuleggja, innleiða og árangursmeta geðræktarstarf, eineltisáætlanir, forvarnir, snemmtækan stuðning og stuðning við börn og ungmenni í skólastarfi. Fagfólk skólalþjónustu sinnir reglulegri fræðslu, þjálfun og handleiðslu til starfsfólks skóla.   |  |  |  |  |  |
| <b>5.6. Börnum í leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum er tryggð viðeigandi og fullnægjandi aðstoð vegna náms-, hegðunar-, félags- og tilfinningavanda.</b><br>Ítartexti: Stuðningur við börn í leik- og grunnskólum og á frístundaheimilum er veittur strax út frá þörfum en ekki háður formlegum greiningum eða mati. Reglulegt árangursmat fer fram á gagnsemi úrræða og ríkulegt samráð er haft við foreldra og börn eftir aldri og þroska.   |  |  |  |  |  |
| <b>5.7. Starfsfólk í skólum fær markvissa þjálfun og handleiðslu til að nýta gagnreyndar aðferðir við að styrkja jákvæða hegðun og bæta líðan og samskipti barna og ungmenna.</b><br>Ítartexti: T.d. á vegum skólalþjónustu sveitarfélagsins.   |  |  |  |  |  |
| <b>5.8. Leik- og grunnskólum eru tryggð þau aðföng, sem þarf til að uppfylla gátlista um geðrækt fyrir heilsueflandi leik- og grunnskóla.</b><br>Ítartexti: T.d. að tryggja að skortur á fjármagni, mannauði, stuðningi og tækifærum til starfsþróunar hindri skólana ekki í því að uppfylla atriði gátlistans.   |  |  |  |  |  |
| <b>5.9. Leik- og grunnskólum og skólalþjónustu eru tryggð þau aðföng sem þarf til að innleiða og viðhalda skólastefnu um menntun fyrir alla.</b>  |  |  |  |  |  |

|  |  |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|
| Ítartexti: T.d. að tryggja að skortur á fjármagni, mannauði, stuðningi og tækifærum til starfsþróunar sé ekki hindrun fyrir innleiðingu og viðhaldi stefnunnar.  |  |  |  |  |  |
| <b>5.10. Sveitarfélagið safnar ópersónugreinanlegum gögnum frá leik- og grunnskólum og nýtir markvisst til ákvarðanatöku og aðgerða til að tryggja velferð og hagsmuni barna og bæta þjónustu við þau.</b><br>Ítartexti: T.d. gögnum um mætingu, námsárangur, líðan, einelti, brot á skólareglum, brottvísanir (bæði heilir dagar og hlutar úr degi), tilvísanir til skólalþjónustu og annarra stofnana, og hlutfall barna sem eru skráð í hádegismat og eru á frístundaheimilum.  |  |  |  |  |  |
| <b>5.11. Sveitarfélagið sinnir innra og ytra mati á skóla- og frístundastarfi af ábyrgð.</b><br>Ítartexti: T.d. fylgist með því að allir leik- og grunnskólar framkvæmi innra mat með fullnægjandi hætti og birti árlegar niðurstöður og áætlanir um úrbætur opinberlega, t.d. á heimasíðu skóla, sér til þess að viðeigandi umbætur séu gerðar í kjölfar ytra mats og veitir viðeigandi stuðning til þess. Ytra mat sveitarfélagsins á skóla- og frístundastarfi tekur til atriða sem snerta geðrækt, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í leik- og grunnskólum og frístundastarfi. |  |  |  |  |  |
| <b>5.12. Sveitarfélagið býður öllum unglingum frá 14 ára aldri upp á fjölbreytt og félagslega uppbyggjandi, launuð störf yfir allan sumartímann.</b><br>Ítartexti: Áherslan er á að viðhalda félagslegri virkni unglinga yfir sumartímann og því hugað sérstaklega að því að störfin séu aðlaðandi m.t.t. vinnutíma, launakjara og vinnuáðstæðna.  |  |  |  |  |  |
| <b>Viðmið 6 - Atvinnulíf í sveitarfélaginu styður við góða geðheilsu og vellíðan</b>   |  |  |  |  |  |
| <b>6.1. Sveitarfélagið hefur í gildi margþætta áætlun um geðrækt, jákvæðar starfsaðstæður og forvarnir gegn álagi og kulnun á öllum sínum vinnustöðum.</b>   |  |  |  |  |  |
| <b>6.2. Sveitarfélagið á frumkvæði að samstarfi við aðra vinnustaði á svæðinu um geðrækt og forvarnir á vinnustöðum.</b>   |  |  |  |  |  |
| <b>6.3. Sveitarfélagið fylgist með margvíslegum hætti með starfsánægju og vellíðan á vinnustöðum sínum.</b><br>Ítartexti: T.d. gerir árlegar starfsmannakannanir og fylgist með starfsmannaveltu og fjarveru vegna veikinda.   |  |  |  |  |  |
| <b>6.4. Sveitarfélagið tryggir að stjórnendur á vinnustöðum þess þekki vel til áhrifaþátta geðheilsu og vellíðanar í starfi.</b><br>Ítartexti: T.d. með fræðslu og áherslu á þennan þátt í starfsþróunaráætlunum stjórnenda.   |  |  |  |  |  |
| <b>6.5. Sveitarfélagið aðlagar vinnustaði sína að ólíkum þörfum íbúa.</b><br>Ítartexti: T.d. býður hlutastörf, störf með stuðningi, störf óháð staðsetningu o.s.frv.   |  |  |  |  |  |
| <b>6.6. Á vinnustöðum sveitarfélagsins er lögð áhersla á að allt starfsfólk geti nýtt styrkleika sína og aukið persónulega færni.</b>  |  |  |  |  |  |
| <b>6.7. Á vinnustöðum sveitarfélagsins er lögð áhersla á að starfsfólk finni tilgang með störfum sínum.</b><br>Ítartexti: T.d. stjórnendur miðla reglulega til starfsfólks hagnýtu gildi starfa  |  |  |  |  |  |

|   |  |  |  |  |  |
|---|--|--|--|--|--|
| þeirra fyrir samfélagið, starfsfólk fær reglulega jákvæða endurgjöf á störf sín og upplifir sig sem hluta af heild.   |  |  |  |  |  |
| <p><b>6.8. Á vinnustöðum sveitarfélagsins er lögð áhersla á sjálfræði og virka þátttöku starfsfólks.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. tekur starfsfólk virkan þátt í skipulagi og ákvarðanatöku um störf sín, lögð er áhersla á að starfsfólk hafi eins mikið um starfsaðstæður sínar, vinnutíma og vinnutilhögun að segja og unnt er miðað við eðli starfa.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>6.9. Vinnustaðir sveitarfélagsins eru fjölskylduvænir þar sem tillit er tekið til aðstæðna fólks í einkalífi.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. er unnið með markvissum aðgerðum að því að auka sveigjanleika og jafnvægi milli vinnu og einkalífs á vinnustöðum sveitarfélagsins.</p>   |  |  |  |  |  |
| <p><b>6.10. Á vinnustöðum sveitarfélagsins er unnið markvisst gegn því að störf verði einhæf eða félagslega einangrandi.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. með því að gera starfsfólki kleift að færa sig reglulega á milli verkefna, efla samvinnu o.fl.</p>  |  |  |  |  |  |
| <p><b>6.11. Starfsfólk sveitarfélagsins sem býr við andlega, líkamlega eða félagslega erfiðleika eða hindranir nýtur skilnings og sveigjanleika í starfi.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. á starfsfólk kost á og er hvatt til að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana til að hindra að erfiðleikar aukist í lífi þeirra. Lögð er áhersla á að taka vel á móti starfsfólki sem snýr aftur til vinnu eftir fjarveru vegna andlegra, líkamlegra eða félagslega erfiðleika.</p> |  |  |  |  |  |
| <p><b>6.12. Á vinnustöðum sveitarfélagsins er tryggt að vel og faglega sé staðið að starfslokum.</b></p> <p>Ítartexti: T.d. er unnið eftir samræmdri áætlun um starfslok af ólíkum ástæðum, hugað er að persónulegri reisu og velferð þeirra sem láta af störfum af hvaða ástæðu sem er.</p>  |  |  |  |  |  |